

Íslenska 5.- 7. árgangur		5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Talað mál, hlustun og áhorf	Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.			
Talað mál, hlustun og áhorf	Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.			
Talað mál, hlustun og áhorf	Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m. a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.			
Talað mál, hlustun og áhorf	Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.			
Talað mál, hlustun og áhorf	Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.			
Talað mál, hlustun og áhorf	Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.			
Lestur og bókmenntir	Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.			
Lestur og bókmenntir	Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.			
Lestur og bókmenntir	Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.			
Lestur og bókmenntir	Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.			
Lestur og bókmenntir	Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.			
Lestur og bókmenntir	Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.			

Lestur og bókmenntir	Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.			
Lestur og bókmenntir	Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.			
Lestur og bókmenntir	Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.			
Lestur og bókmenntir	Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.			
Ritun	Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.			
Ritun	Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.			
Ritun	Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.			
Ritun	Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.			
Ritun	Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.			
Ritun	Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.			
Málfræði	Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.			
Málfræði	Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.			
Málfræði	Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.			

Málfræði	Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.			
Málfræði	Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.			
Málfræði	Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta.			
Málfræði	Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.			
Málfræði	Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.			
Málfræði	Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.			